


# Þensla á vinnumarkaði viðheldur verðbólgu

28/04 2022

Ársverðbólga fór yfir 7% í apríl. Mest munar um hækkun húsnæðiskostnaðar. Hagstofan reiknar nokkrar kjarnavísitölur þar sem teknir eru út liðir sem sveiflast mikið í verði. Kjarnavísitala 4, þar sem reiknuð húsaleiga hefur verið tekin út ásamt fleiri liðum, hækkar um 4,3% á einu ári. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 20% árið 2021 og hefur áfram hækkað hratt á þessu ári. Nærtækasta skýringin er mikil lækkun vaxta á húsnæðislánum sem verður til þess að kaupendur ráða við hærri lán en áður. Þetta þrýstir húsnæðisverði upp einu sinni og ætti ekki að valda langvinnri verðbólgu. Almenn verðbólga í grannlöndunum er meira áhyggjuefni, enda er innflutningur um þriðjungur neysliverðsvísitölnunnar. Mesta áhyggjuefnið er þó þensla á vinnumarkaði. Þegar Seðlabankinn kynnti vaxtahækkun í febrúar kom fram að þá vantaði starfsfólk í 40% fyrirtækja. Hlutfallið er langt yfir meðaltali og svipað því sem var á árunum 2016 og 2017, þegar mestur gangur var í hagkerfinu. Ferðapjónustan sækir sér einkum vinnuafli utan landsteinanna. Ekki dugar að kenna herskárri verkalýðsförystu um háar kaupkröfur við slíkar aðstæður. Nú er einfaldlega sóknarfæri fyrir verkalýðsfélög – óhætt er að fara fram á hærri kauptaxta án þess að stofna atvinnu félagsmanna í mikla hættu.


## Atvinnuleysi



Því er spáð að á seinni hluta ársins verði atvinnuleysi undir náttúrulegu stigi, en þegar það gerist má gera ráð fyrir að verðbólga fari vaxandi. Erfitt er að segja nákvæmlega hvert þetta atvinnuleysisstig er, en líklega er það á bilinu 4-5%.

Gert er ráð fyrir að meginvextir Seðlabanka hækki í nokkrum áföngum úr 2,75% nú í 5,75% í september. Að öðru leyti spáir líkanið sér að mestu sjálft.

Útlit er fyrir að árshækkun launa og verðlags haldist há út árið, þó að heldur dragi úr hækkunum mánuð fyrir mánuð. Spáin gefur ekki tilefni til þess að ætla að verulega dragi úr launahækkunum eftir áramót. Kjarasamningar losna á almennum markaði undir lok árs og má gera ráð fyrir að efnahagsástandið setji svip á kaupkröfur og nýja samninga.



Búist er við að mjög hægi á hækkun húsnæðisverðs um mitt ár, en aðstreymi fólks frá útlöndum gæti breytt því.

### Spár Hagfræðistofnunar, Seðlabanka og Íslandsbanka um hagstærðir 2022

	Hagfrstofnun (apríl)	Seðlabanki (feb.)	Íslandsbanki (apríl)
Verðbólga (jan-jan)	6,9%	5,3%	7,2%
Atvinnuleysi	3,8%	4,7%	-
Húsnæðisverð (jan-jan)	10%	-	-